

LEIKSKÓLA- OG DAGGÆSLURÁÐ

Ár 2026, 31. ágúst, var haldinn 3. fundur leikskóla- og daggæsluráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 13.32. Eftirtalin voru komin til fundar í fundarherberginu Hofi: Sigrún Ásta Einarsdóttir formaður (D), Albert Guðmundsson (D), Björg Magnúsdóttir (C), Kristín Kolbrún Waage Kolbeinsdóttir (M), Margrét Rós Sigurjónsdóttir (C), Silja Sóley Birgisdóttir (J) og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir (S). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Laufey Stefánsdóttir, foreldrar barna í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar og Linda Ósk Sigurðardóttir, starfsfólk í leikskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Guðrún Sigtryggisdóttir, Hjörtur Ágústsson og Ólafur Brynjar Bjarkason. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning og umræða um innritun í leikskóla 2026. SFS26080108

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Hildur Lilja Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins fagna þeim árangri sem náðst hefur við innritun í leikskóla en á þessu ári eru vel á þriðja hundrad fleiri börn komin með skráða upphafsdagsetningu í leikskóla miðað við í fyrra. Rúmlega 2.000 börn hafa fengið boð um leikskólavist eða flutning milli leikskóla frá því stóra innritunin hófst síðasta vor og mikill meirihluti barna fékk úthlutað í leikskóla samkvæmt fyrsta eða öðru vali. Jafnframt er ánægjulegt að sjá að áhersla á systkinasameiningar hefur skilað miklum árangri þannig að systkini geti verið á sama leikskóla. Meirihlutinn leggur áherslu á að árangur og innritun séu áfram metin með skýrum og gagnsæjum mælikvörðum svo hægt sé að fylgjast með. Þrátt fyrir þennan árangur bíða enn tugir barna 18 mánaða og eldri eftir leikskólaplássi. Meirihlutinn er með skýran fókus á að ná árangri í leikskólamálum með ýmsum leiðum; öflugum samstarfi við sjálfstætt starfandi leikskóla og dagforeldra, fjölbreyttari og fleiri daggæsluúrræðum, vinnustaðaleikskólum og stuðningi við ólík rekstrarform í leikskólum.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Samfylkingin fagnar þeim framförum sem náðst hafa í innritun leikskólabarna en sá árangur er afrakstur markvissrar uppbyggingar leikskólakerfisins á síðasta kjörtímabili. Þrátt fyrir stærri árganga sem koma inn á leikskólana en útskrifast, sem og áskoranir í húsnæðismálum, hefur biðlistinn styst undanfarin ár vegna þessarar uppbyggingar. Rúmlega 2000 börn hafa nú fengið boð um leikskólavist eða flutning í tengslum við innritun þessa árs og 260 fleiri börn eru komin með upphafsdagsetningu í leikskóla nú en á sama tíma í fyrra. Um leið sýna gögnin að verkefninu er ekki lokið. Fjölmargar fjölskyldur eru enn að glíma við of langt bil milli fæðingarorlofs og leikskóla en yfir 200 börn eldri en 12 mánaða bíða eftir plássi og eru ekki hjá dagforeldri. Samfylkingin telur því mikilvægt að halda áfram uppbyggingu leikskólakerfisins af sama krafti, bæði hvað varðar húsnæði og

umbætur í starfsaðstæðum. Árangurinn sem nú er að koma í ljós sýnir að markviss uppbygging skilar árangri, en einnig að ekki má slaka á fyrr en öllum börnum stendur til boða leikskólapláss á réttum tíma.

- Kl. 14.02 tekur Ragnheiður E. Stefánsdóttir sæti á fundinum.
- 2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. ágúst 2026, um afgreiðslu borgarráðs á breyttu stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. MSS26080087

Rannveig Einarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins sjá mikil tækifæri í breyttu stjórnskipulagi. Þjónustan verður áfram veitt á vettvangi úti í hverfunum en með breytingunum er stigið stórt skref í samræmingu þjónustu milli borgarhluta auk þess sem fagleg forysta er efld með stuðningi við leikskóla og daggæslu. Þjónusta, verklag og viðmið verða samræmd svo fjölskyldur geti treyst á sambærilega þjónustu óháð búsetu. Jafnframt fæst betri yfirsýn yfir þjónustupörf, biðtíma, álag og árangur þjónustunnar. Fagleg forysta leikskólamála verður sameinuð á skrifstofu leikskólamála og ráðgjafar og sérfræðingar sameinast í öflugri skóla- og frístundaþjónustu. Með stærri fagteymum skapast betri möguleikar á sérhæfingu, samræmdara verklagi og öflugri stuðningi við stjórnendur og starfsfólk á vettvangi. Breytingarnar eiga að skila einfaldara stjórnkerfi, skýrari ábyrgð og betri nýtingu fjármuna. Mikilvægt er að innleiðingin fari fram í góðu samtali við starfsfólk og stjórnendur og að tryggt verði að þjónusta við börn, fjölskyldur og leikskóla raskist ekki. Árangur breytinganna þarf að meta með skýrum mælikvörðum um aðgengi, biðtíma, gæði þjónustu og faglegan stuðning við leikskólastarf.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Hægri meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar hefur ráðist í mestu fjöldauppsagnir Reykjavíkurborgar í áratugi og grundvallarbreytingar á þjónustu við börn og fjölskyldur. Breytingarnar voru samþykktar á aukafundi borgarráðs, án opinna umræðu í borgarstjórn, fullnægjandi samráðs við starfsfólk eða skýrrar greiningar á áhrifum þeirra. Þetta eru óvönduð og óábyrg vinnubrögð. Með einu pennastriki er hverfisbundið skipulag þjónustu lagt niður og teymi fagfólks sem þekkir börnin, fjölskyldur þeirra og starfsfólk leikskólanna leyst upp. Með uppsögnum tuga starfsmanna glatast dýrmæt reynsla, fagleg forysta og þekking. Jafnframt situr starfsfólk eftir í mikilli óvissu um framtíð sína og hvernig þjónustan eigi að virka á næstu vikum og mánuðum. Þetta er ekki boðleg breytingastjórnun. Breytingarnar eru pólitísk ákvörðun um aukna miðstýringu á kostnað nærþjónustu. Þær færa þjónustuna fjær fólki og auka hættuna á lengri boðleiðum, rofi í samstarfi og þjónustufalli fyrir börn sem þurfa mest á stuðningi að halda. Það nægir ekki að fullyrða að þjónustan verði betri um leið og hún er færð úr hverfunum, fagleg teymi leyst upp og tugum starfsmanna sagt upp. Meirihlutinn verður að leggja fram skýra áætlun um hvernig tryggja eigi samfellu í þjónustu, varðveita þekkingu og tengsl og viðhalda þverfaglegu samstarfi við leikskólana.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn fagnar þeim breytingum sem nú eru gerðar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Við teljum þær mikilvægt skref í átt að einfaldara, skilvirkara og nútímalegra þjónustukerfi fyrir borgarbúa og vorum því fylgjandi breytingunum í borgarráði. Þessi afstaða byggir ekki aðeins á rekstrarlegum sjónarmiðum heldur einnig á þeirri reynslu sem ég hef sjálf haft af þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Mér hefur fundist kerfið oft óþarflega flókið og óskilvirkt, með of mörgum snertiflötum, fundum og símtölum sem í mörgum tilfellum ætti að vera hægt að leysa með einfaldari ferlum, rafrænum samskiptum og nútímatækni. Þar tel ég að Reykjavíkurborg eigi gríðarleg tækifæri til að nýta stafrænar lausnir til að einfalda samskipti, stytta boðleiðir og losa starfsfólk undan óþarfa umsýslu þannig að meiri tími geti farið í beina þjónustu við borgarbúa. Árangurinn mun ráðast af því hvernig innleiðingin verður framkvæmd og hvort raunverulega tekst að einfalda leið íbúa að þjónustunni. Því þarf að fylgjast náið með mælikvörðum á biðtíma, aðgengi, ánægju notenda, þjónustugæðum og kostnaði og bregðast hratt við ef breytingarnar skila ekki tilætluðum árangri. Miðflokkurinn styður því markmið breytinganna: einfaldara kerfi, færri milliliði, skýrari ábyrgð, meiri sérhæfingu, jafnræði í þjónustu og betri nýtingu fjármuna.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmd breytinganna hefur verið til skammar. Málsmeðferðin var ólýðræðisleg þar sem tillögunni var þrýst í gegn án raunverulega tækifæris til umræðu og án nokkurs samráðs við starfsfólk, notendur eða fagráð. Meirihlutinn sýnir fram á gífurlega vanvirðingu við skólasamfélagið bæði vegna málsmeðferðar og einnig með því að leggja fram jafn viðamiklar breytingar sem þessar á mesta álagstíma skólastarfs. Margir fráfarandi starfsmenn hafa verulegar áhyggjur af því að mikilvæg verkefni glatist, enda virðist ómögulegt að tryggja að þau færist í réttan stað. Fjöldmörg mikilvæg verkefni eru hvergi formlega skráð, sérstaklega þau sem snúa að tengslum við skjólstæðinga og starfsfólk. Sú þekking og reynsla sem hefur byggst upp í gegnum árin mun hverfa úr kerfinu. Ljóst er að faglegur og rekstrarlegur stuðningur við skólakerfið verður ekki jafn mikill og áður. Ófullnægjandi undirbúningur var á breytingunum þar sem töluverður skortur var á gögnum til að réttlætningar og einnig var nánast algjör skortur á útfærslu. Miðað við hversu hratt var farið er veruleg hætta á þjónusturofi eða að minnsta kosti þjónustuskerðingu. Þessar breytingar munu færa þjónustuna fjær fólkinu og hvernig að þeim var staðið skapar óheilbrigt starfsumhverfi. Hér er verið að grafa undan frístundastarfi, skólakerfinu og velferðarkerfinu sem mun ávallt kosta samfélagið meira.

Áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra og starfsfólks í leikskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar starfsmanna og stjórnenda í leikskólum Reykjavíkurborgar lýsa yfir áhyggjum vegna þeirra skipulagsbreytinga og uppsagna sem nýlega hafa verið samþykktar. Þeir telja að breytingarnar dragi úr faglegum stuðningi sem leikskólar hafa reitt sig á í daglegum rekstri, meðal annars frá millistjórnendum og sérfræðingum sem hafa veitt ráðgjöf á sviði mannauðs-, fjárhags- og rekstrarmála. Bent er á að leikskólastjórnendur bera þegar mikla ábyrgð og starfa undir töluverðu álagi. Stoðþjónustan hafi verið mikilvæg til að tryggja skjót og fagleg viðbrögð við fjölbreyttum og oft flóknum verkefnum, ekki síst þegar um sé að ræða börn og fjölskyldur sem þurfa sérstakan stuðning. Áhyggjur eru af því að aukin fjarlægð milli miðlægrar stjórnsýslu og leikskólanna leiði til þess að þekking á nærumhverfi og

þörfum einstakra skóla glatist, boðleiðir lengist og álag á stjórnendur aukist enn frekar. Þá sé hætta á að mikilvæg reynsla, sérþekking og tengsl tapist þegar störf sem byggja á trausti og þekkingu á starfseminni eru lögð niður. Áheyrnarfulltrúarnir kalla eftir skýrum svörum um hvernig tryggja eigi áframhaldandi faglegan stuðning, góða upplýsingagjöf og þjónustu við leikskólana. Þeir leggja áherslu á að leikskólar þurfa stöðugleika, skýrar boðleiðir og sterkt bakland svo breytingarnar komi ekki niður á börnunum eða gæðum leikskólastarfsins.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Ljóst er að mikil upplýsingaóreiða er í gangi eftir að ráðist var í þessar breytingar fyrir tæpri viku og mikið um gífurð. Sviðstjórar hafa staði sig stórvel og unnið mikla og ígrundaða vinnu byggða á miklum upplýsingum og vinnu undanfarinna ára. Mikilvægt er að við leggjumst öll á eitt að ýta ekki frekar undir þessa upplýsingaóreiðu, þar er ábyrgð borgarfulltrúa sérstaklega mikil.

3. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. ágúst 2026, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS26060275
4. Fram fer umræða um fréttir af vettvangi leikskóla- og daggæslumála. SFS26070078
5. Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að upplýsingar um stöðu ráðninga í leikskólum borgarinnar verði lagðar fram á næsta fundi leikskóla- og daggæsluráðs.

SFS26090009

Fundi slitið kl. 15:15

Sigrún Ásta Einarsdóttir

Albert Guðmundsson
Kristín Kolbrún Waage Kolbeinsdóttir
Silja Sóley Birgisdóttir

Björg Magnúsdóttir
Margrét Rós Sigurjónsdóttir
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir